

Tinna og Sigurður í hlutverkum sínum í Hvað sögðu Englarnir eftir Nínu Björk Árnadóttur.

FJÁRMANNAHRÍÐIN ER FULL AF BÖLMÓÐ

Þjóðleikhúsið, litla sviðið: Hvað sögðu englarnir? eftir Nínu Björk Árnadóttur.
Leikstjóri: Stefán Baldursson.
Leikmynd: Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir.
Aðalhlutverk: Sigurður Sigurjónsson, Tinna Gunnlaugsdóttir, Bríet Héðinsdóttir, Helga Bachmann, Bessi Bjarnason, Helgi Skúlason og Sigríður Þorvaldsdóttir.

Nína Björk Árnadóttir er fyrir löngu viðurkennd sem allgott ljóðskáld. Leikrit hennar hafa þessutan verið sýnd bæði hjá Leikfélagi Reykjavíkur og í sjónvarpi, auk smærri staða. Hvað sögðu englarnir? er fyrsta



Leiklist

eftir Heimi Pálsson

verk hennar sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu.

Það dylst ekki þegar horft er á sýningu Þjóðleikhús að höfundur leiktextans er ljóðskáld og hefur margt lært af því sem nýstárlegast er í þeirri bókmenntagrein. Mætti enn nefna súrrealismann góða, sem er að verða fastur póstur í þessum pistlum. Hitt vefst miklu meira fyrir þeim er þetta ritar, hvort þarna fari rétt saman efni og aðferð, eða með öðrum orðum hvort því söguefni og ádeiluefni sem Nína Björk hefur valið sér yrðu ekki gerð betri skil á annan hátt.

Hvað sögðu englarnir? er römm þjóðfélagsádeila og ekki gerð nein tilraun til að draga fjöður yfir þann þáttinn. Spilling samfélagsins og viðbjóðslegt tvöfalt siðgæði eru þeir grunnboðar sem skip unga fólksins steytir á. Það er af þeim sökum sem engu verður forðað.

Sú leið sem höfundur velur til að sýna okkur þetta spillta samfélag er fremur leið ljóðsins en sögunnar. Í tveim heimum, annars vegar borgaralegri siðgæðisveröld veitingahússins, hins vegar óráðskenndum draumheimi, er brugðið upp myndum, söguþráðurinn flæktur með því að láta atburði gerast í rangri tímaröð (rétt eins og í súrrealiskum draumi), sumar myndirnar raunsæislegar, aðrar táknrænar.

Eftir þessari leið hafa leikstjóri og leikmyndasmiður líka farið. Og það er ekki að því að spyrja: úr samvinnu þeirra Stefáns Baldurssonar og Þórunnar Sigríðar spretta jafnan athyglisverðir hlutir (hér nægir að minna á Stundarfrið). Hygg ég reyndar að ekki hefði orðið öllu betur unnið úr því hráefni sem þau hafa í höndum. Og að því leyti er þetta merkissýning.

„Veit ég að bann þitt er rétt og sökin nóg", sagði Jón Loftsson forðum. Og síðar var líka sagt „Góð meining enga gerir stoð". Það fer ekkert milli mála að það sem Nína Björk deilir á er ærið ádeiluefni. Ekkert vantar á spillingu samfélagsins, enginn skortur á kúgun, kynferðislegri og annarri. En mergurinn málsins sýnist mér vera sá að þessi ádeiluefni eru í hæsta máta jarðnesk og „raunveruleg". Þau hafa á sér öngvan yfirskilvitlegan blæ. Því virðist mér sú súrrealíska aðferð sem beitt er, einfaldega ekki hæfa viðfangsefninu, þó svo ýmis atriði geti orðið mögnuð í þeirri sviðsetningu sem við fáum. Þau öfl sem unga parið í leikritinu berst við eru jarðbundin og ég hygg vænlegra sé til árangurs í báráttunni við þau að halda sér við jörðina, en þykir undarlegt að spyrja englana.

Við þetta bætist svo það að bölmóður leikritsins er að mínu viti líklegri til að senda okkur inn í myrkur svartsýninnar en að vekja okkur til ljóss réttlátrar baráttu Og því miður mun það vera svo að þeir sem sneiðina eigi leggi sig lítt eftir að kynna sér nýjungar í leiklist sist af öllu súrrealiskt leikhús. **HP**

Tvær ólíkar sýningar

Einar Hákonarson

Á Kjarvalsstöðum eru nú til sýnis verk eftir Einar Hákonarson skólastjóra Myndlista- og Handíðaskólans. Sýnir Einar þarna 67 málverk, ný eða frá síðustu árum. Fæst þeirra hafa sést áður en nokkur eru fengið frá einkaaðilum að láni, svo sem frá Búnaðarbankanum og Samvinnubankanum.




Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

Eins og Einar hefur bent á sjálfur, líkar honum vel að mála mannlífið í sinni fjölbreytilegustu mynd. Flestar myndir hans eru af fólki og greinilega er hann í essinu sínu þegar hann túlkar bæjarlífið. Strætisvagnabiðstöð eða kaffistofa verða Einari efni í stórar mónumentalskar myndir, nánast epískar að innihaldi. Það er líkast því að Einar vilji festa hughrif sín af borginni á strigann, komandi kynslóðum til gagns og þekkingar. Hann leggur einnig út í það sem fæstir málarar hér á landi hafa gert, að festa bókmenntalega atburði á mynd (Úr Njálssögu, myndir nr. 1 og 67).

Þótt ég viti lítið um vinnubrögð Einars, finnst mér það liggja í eðli myndanna að þær séu unnar upp úr fjölda teikninga. Jafnvel sýnist mér sem smærri myndirnar séu nokkurs konar forleikur að þeim stærri. Þar njóta teiknihæfileikar Einars sín, líkt og um væri að ræða stúdíur eða skissur, (nr. 30 og 33).



Sýning Einars Hákonarsonar á Kjarvalsstöðum.

Einar er barn síns tíma og vill vera tekinn sem slíkur. Afstaða

HORFT Á HLJÓMLEIKA

Atvikin höguðu því svo til, að um daginn þurfti vesalingur minn að gangast undir uppskurð til að vikka út á mér hlustirnar. Af því leiddi, að þær verða fullar af tróði í 2-3 vikur og ég hálfheyrnarlaus.

Reyndar hef ég grun um, að þessi þrenging hlusta minna hin síðari ár hafi verið náttúrleg vörn líkamans gegn hinni ofboðslegu hávaðamengun, sem enginn er óhultur fyrir úti né inni, hvort heldur er í friðsælu svefnherbergi, gönguparti Austurstrætis eða inni á rakarastofu Og gildir einu, hvort um er að ræða nöðruskelli eða popp.

En hvað sem því líður, þá þurfti þetta endilega að gerast, þegar Wolfgang Schneiderhan var hér í heimsókn. Í aldarfjórðung hafði mig langað til að heyra þennan mann og sjá í eigin persónu og fullri líkamsstærð. Auk hljómplatna höfðu marktækir menn komið því inn hjá mér, að hér færi einn besti fiðlungur heimsins, þótt ekki væri hann í auglýsingaflóðljósinu neitt á borð við t.d. Menhuin, Milstein, Heifetz eða Oistrakh.



Eyrna lyst


eftir Arna Björnsson

Góðar horfur

Ég stillti mig þó að dembast á sinfóníutónleikana á fimmtudaginn, enda ekki nema þrír dagar síðan ég lá á flatningsborðinu. En lét mig hafa það að fara með lífvörð til Tónlistarfélagsins á laugardaginn með bundið fyrir bæði eyru og troða mér fremst í salinn.

Ég nefndi það víst í fyrsta pistli mínum af þessu tagi í vor. að fleira gæti verið athyglisvert á tónleikum en músíkin sjálf. Tilamunda svipbrigði hljóðfæraleikaranna, angurvær, eða jafnvel fólskuleg, augnagotur handasláttur og limaburður allur. Hvort og þá hvernig þeir spila með andlitinu öllu eða augabrúnum, herðum mjöðmum og rassi (Rudolf Serkin). Maður sér ekki hjörtun og nýrun.


Það getur því t.d. verið kostulegt, þegar Atli Heimir tekur sig til í samkvæmi og hermir orðalaust eftir því, hvernig nokkrir ágætir píanóleikarar hefja konsert. Minnisstæðustu númer af því tagi eru mér Gisli Magnússon, Rögnvaldur Sigurjónsson, Árni Kristjánsson og pólsk kelling, sem ég man ekki nafnið á í augnablikinu.



Það eru auðvitað fleiri en ég, sem njóta tónleika með fleiri sönsum en heyrninni einni saman. Frægt er, þegar 9. sinfónia Beethovens var frumflutt hér fyrir rúmum áratug og þurfti að endurtaka fjórum sinnum fyrir troðfullu húsi, uns varð að hætta. Þar eð Sigurður Björnsson var bundinn erlendis. Þá heyrðust menn spyrja hver annan, hvort þeir væru búnir að „sjá" þá Níundu.

Kom vel á vondan

Og nú sat ég sumsé í þessari súpu. Horfði frekar en heyrði. En er samt feginn, að ég skyldi drifa mig. Schneiderhan er með fádæmum látlaus og rólegur á



Af nýjum hljómplötum:

ALLS KONAR ROKK

Jethro Tull — Stormwatch

Ný plata er komin út með bresku hljómsveitinni Jethro Tull, og heitir Stormwatch



Popp

eftir Pál Pálsson

Jethro Tull er óumdeilanlega ein merkasta hljómsveit rokksögunnar. Hún var stofnuð árið 1968 af Ian Anderson, Mick Abrahams, Clive Bunker og Glenn Cornick. Tónlist þeirra félaga varð strax mjög frábrugðin öðru því sem þekktist á þessum tíma og spilverk þeirra á The National Jazz And Blues Festival '68 kom tónlistarspekúlöntum algerlega á óvart, sem náðu ekki uppí nefið á sér af hrifningu. Sama var með almenning, því fyrsta plata Jethro Tull, This Was, fór beint á toppinn. Segja má, að Jethro Tull hafi, ásamt Fleetwood Mac, átt einna mestan þátt í að ryðja framsækinni rokktónlist braut í lok síðasta áratugs.

Hér er ekki rúm til að rekja feril Jethro Tull, enda langur og litríkur. Mannabreytingar hafa verið tíðar og er Ian Anderson einn eftir af þeim sem stofnuðu hljómsveitina. Það hafa líka skipst á skin og skúrir á ferlinum, og um 1974 var Jethro Tull komin að því að hætta. Hljómsveitin hefur þó alla tíð verið í hávegum höfð í Bandaríkjunum, og það hefur sennilega bjargað henni frá upplausn þegar vinsældirnar voru í lægð annars staðar í heiminum.

Stormwatch hefur að geyma 10 lög, öll eftir Ian Anderson að vanda, utan eitt sem er eftir David Palmer annan hljómborðsleikara hljómsveitarinnar. Þessi plata mun ekki koma aðdáendum Jethro Tull á óvart. Ian Anderson er ávallt sjálfum sér líkur, — sem betur fer, segja eflaust margir. Þó er eitt lítið lag á þessari plötu, Home, sem stendur nokkuð sér á parti, og er talsvert ólíkt öðrum verkum hans. En þó ég segi að þessi plata komi aðdáendum Tull ekki á óvart, þá mun hún heldur ekki valda þeim vonbrigðum, Jethro Tull eru mjög hressir á Stormvaktinni.

Blondie — Eat To The Beat

Ameríska hljómsveitin Blondie sló heldur en ekki betur í gegn með síðustu plötu sinni Parallel Lines, sem er að öllum líkindum mest selda platan á heimsmarkaðnum síðustu 12 mánuði. Og fyrir skömmu kom út ný plata með Blondie sem heitir Eat To The Beat.

Eat To The Beat mun ábyggilega líka seljast vel. Hún hefur, líktog Parallel Lines, mörg lög að geyma sem líkleg eru til vinsælda. Fyrst ber þar að nefna lagið Dreaming, sem nú þegar er ofarlega á breska listanum, en lögin The Hardest Part, Eat To The Beat og Die Young Stay Pretty eru einnig mjög sterk. Flest lögin á Eat To The Beat eru eftir blondínuna sjálfa Debbie Harry og gítarleikarann Chris Stein. Tónlist Blondie má skilgreina sem nýbylgju-pönk.

Ian Matthews — Siamese Friends

Söngvarinn Ian Matthews, sem einna þekktastur er fyrir að hafa verið í hljómsveitinni Fairport Convention, sendi frá sér sólóplötu á dögunum og kallar hana Siamese Friends.

Ian Matthews er einn af þeim mönnum sem hafa þótt hafa allt til brunns að bera til að verða stórstjörnur, en aldrei orðið það. Matthews er enskur og hóf feril sinn í hljómsveit sem kallaði sig Pyramid, var síðan boðið að gerast söngvari í Fairport Convention. Þar var hann í 2 1/2 ár, áðuren hann ákvað að starfa uppá eigin spýtur. Hann hljóðritaði plötuna Matthew's Southern Comfort og stofnaði uppfrá henni samnefnda hljómsveit með nokkrum þeirra sem aðstoðuðu hann við gerð þessarar plötu. Hljómsveitin gerði tvær plötur, en á milli þeirra kom út með henni lagið Woodstock eftir Joni Mitchell á tveggjalaga plötu. Sem varð feiknavinsælt, fór í 1. sætið í Bretlandi en það 6. í U.S.A. Það þótti Matta víst eitthvað